

V04

Ástæður þess að hraustum nýburum er gefin ábót á fyrstu viku eftir fæðingu á sjúkrahúsi og leiðir til úrbóta. Kerfisbundin fræðileg samantekt

Tinna Halldórsdóttir^{1,2}, Halldóra Kristín Jónsdóttir^{1,2}, Helga Gottfreðsdóttir^{1,2}

¹Kvenna- og barnasvið Landspítala

²Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild, Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

Inngangur: Ábótagjafir hraustra nýbura á sjúkrahúsum eru algengar þrátt fyrir að rannsóknir sýni að þær hafi neikvæð áhrif á brjóstgjöf og heilsu nýburans. Ýmsar alþjóðastofnanir mæla með því að nýburinn sé lagður á brjóst innan við klukkustund frá fæðingu og fái eingöngu brjóstamjólk fyrstu sex mánuði ævi sinnar. Nýburi á ekki að þurfa aðra fæðu eða annan vökva fyrstu sex mánuði ævinnar nema læknisfræðilegar ástæður séu fyrir hendi samkvæmt faglegum leiðbeiningum.

Efniviður og aðferðir: Framkvæmd var kerfisbundin fræðileg samantekt. Heimildaleit var gerð í gagnagrunnum PubMed, CHINAL og Scopus. Leit var gerð samkvæmt PICOT að meginlegum rannsóknagreinum á ensku sem birtar voru á árunum 2012 — 2022 og sneru að ábótagjöfum hraustra nýbura á fyrstu dögum eftir fæðingu á sjúkrahúsi. Alls uppfylltu 8 rannsóknir leitarskilyrðin og stóðust gæðamat.

Niðurstöður: Í heildina var 18 - 82.5 % hraustra nýbura gefin ábót á fyrstu vikunni á sjúkrahúsi. Algengustu ástæður ábótagjafa voru; upplifun móður um ónóga mjólk, líðan nýbura, þreytt móðir og vandamál tengd brjóstgjöf. Helstu þættir sem höfðu áhrif á ábótagjafir voru: fæðing með keisaraskurði, vandamál tengd brjóstgjöf, að vera frumbyrja, að vera móðir frá Asíu og menntunarstig mæðra.

Ályktanir: Þar sem ábótagjafir hraustra nýbura eru algengar á sjúkrahúsum er mikilvægt að fræða mæður um brjóstgjöf, ábótagjafir og eðlilegt atferli nýburans á fyrstu dögum eftir fæðingu jafnframt því að fræða þarf starfsfólk og endurskoða verklag á sjúkrahúsum. Auka þarf stuðning við brjóstgjöf hjá hópum þar sem auknar líkur eru á ábótagjöfum.